



Heilbrigðisráðuneytið

b.t. Svandísar Svavarsdóttir ráðherra

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

26. febrúar 2019

1902222 SFP/sas

**Efni: Undirtekt bæjarstjórnar Akraness um ályktun stjórnar Höfða um hjúkrunarrými.**

Bæjarstjórn Akraness tekur undir svohljóðandi ályktun stjórnar Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis dags. 25. febrúar síðastliðinn:

*„Stjórn Höfða lýsir yfir miklum vonbrigðum með svör heilbrigðisráðuneytisins á erindi Höfða frá 28. desember 2016 um fjölgun varanlegra hjúkrunarrýma og telur þau í miklu ósamræmi við þá hrópandi þörf á fjölgun hjúkrunarrýma í landinu öllu.*

*Fyrir liggur að þegar heimild Höfða til reksturs svokallaðra biðhjúkrunarrýma í tengslum við fráflæðisvanda Landspítala rennur út í lok september mánaðar 2019 munu standa auð og ónotuð fjögur íbúðarými á Höfða. Vert er að geta þess að skv. útreikningi heilbrigðisráðuneytis kostar 36,5 mkr. að byggja nýtt hjúkrunarrými með búnaði. Því munu standa ónotuð íbúðarými á Höfða sem kostar 146 mkr. að byggja.*

*Varðandi rök ráðneytisins um að heilbrigðisumdæmi Vesturlands sé eitt best setta heilbrigðisumdæmi landsins m.t.t. fjölda hjúkrunarrýma vill stjórn Höfða taka eftirfarandi fram:*

- Í sveitarfélögunum Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupstað sem eru í suðurhluta umdæmisins og liggur að heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins eru um 65% af íbúafjölda umdæmisins en einungis 50% af varanlegum hjúkrunarrýmum umdæmisins og því mikil þörf á nýjum hjúkrunarrýmum.*
- Í dag eru 28 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunar- og dvalarrýmum á Höfða og á biðlista eftir hvíldarinnlögn í hjúkrunarrými eru 20 einstaklingar.*

- Reiknuð vistunarþörf í hjúkrunarrými fyrir Akranes og Hvalfjarðarsveit er langt umfram þau 61 hjúkrunarrými sem eru á Höfða í dag.
- Með tilkomu Færni- og heilsumatsnefnda er vistun í hjúkrunarrými ekki bundin við íbúa hvers umdæmis fyrir sig.
- Í dag eru um 8,5% af íbúum Höfða með færnismat úr öðrum heilbrigðisumdæmum og um 11% af einstaklingum á biðlista eftir dvöl.

Stjórn Höfða skorar á Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra að endurskoða afstöðu sína til erindis Höfða um fjölgun varanlegra hjúkrunarrýma og felur formanni stjórnar og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra sem allra fyrst um málið.“

Ályktunin er send heilbrigðisráðherra, þingmönnum Norðvesturkjördæmis og eignaraðilum.

Bára Daðadóttir

Bára Daðadóttir

Elsa Lára Arnardóttir

Elsa Lára Arnardóttir

Ólafur Adolfsson

Ólafur Adolfsson

Ragnar B. Sæmundsson

Ragnar B. Sæmundsson

Valgarður L. Jónsson

Valgarður L. Jónsson

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Kristinn H. Sveinsson

Kristinn Hallur Sveinsson

Rakel Óskarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir